

Borgarráð 20. mars 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á skólamáltíðum MSS25030062

Borgarráð samþykkir að farið verði í úttekt á því hvort skólamáltíðir í leik- og grunnskólum borgarinnar samræmist nýjum ráðleggingum Landlæknisembættis um matarræði. Jafnframt verði kannað hvort breyting hafi orðið á næringargildi og gæðum máltíða í kjölfar þess að skólamáltíðir grunnskóla urðu gjaldsfrjálsar. Niðurstöður úttektar liggja fyrir eigi síðar en í maí 2025.

Greinagerð:

Í nýjum ráðleggingunum Landslæknisembættis um matarræði segir að setja meg saman hollt og fjölbreytt matarræði á marga mismunandi vegu, en mestu máli skipti að fæðan sé næringarrík og fjölbreytt, en magnið hæfilegt og í samræmi við orkuþörf. Með því að fylgja ráðleggingum um matarræði verði hægt að tryggja líkamanum þau næringarefni sem hann þarf á að halda og stuðla að góðri heilsu og vellíðan en einnig minnka líkur á ýmsum langvinnnum sjúkdómum og stuðla að heilsusamlegri líkamsþyngd.

Mikilvægt er að tryggja börnum og ungmennum holla og næringarríka fæðu á skólatíma, en góð fæða er grunnur að góðu heilbrigði. Af þeirri ástæðu er lagt til að ráðast í úttekt á næringargildi og heilnæmi þeirra máltíða sem börnum og ungmennum er boðið uppá í leik- og grunnskólum borgarinnar, og hvort þær máltíðir samræmist nýjum ráðleggingum Landlæknis um matarræði.